

## Eitt ljóð

Tunglskinsnótt<sup>1</sup>

Í nótt, á mánann yfir FU CHOU, þú horfir alein dyngju þinni úr;  
 Úr fjarska finn ég til með litlum dreng og stúlku, sem skilja ekki  
 söknuð þinn til borgarinnar;  
 Ilmandi næturþokan vætir þitt greidda hár, öxl þín sem jaði, og  
 tunglskinið napurt skín á;  
 Hvenær getum við staldrað við tunglskinsbjartan skjá, og litið  
 hvort annars tárur þurru hvarma?

## 月夜

今夜鄜州月 閨中祇獨看  
 遙憐小兒女 未解憶長安  
 香霧雲鬟濕 清輝玉臂寒  
 何時倚虛幌 雙照淚痕乾

---

<sup>1</sup> Jón Egill Eyþórsson þýddi og ritar um höfund.

## Um Dú Fú

Dú Fú (杜甫, 712–770) er eitt rómaðasta skáld Kína og sennilega hið best þekkt á samt Lí Bæ (李白). Þessi tvö skáld voru reyndar samtímamenn og góðkunningjar og báðir uppi á valdatíma Tang (唐) og eru gjarnan nefndir í sömu andrá og bornir saman. Segja má að þeir séu jafnvel þekktir, því allflestir sem þekkja til annars vita um leið margt um hinn. Á árunum 755–763 geisaði stríð í keisaraveldinu. Hershöfðinginn An Lú Shan (安祿山) gerði upp-reisn, lýsti yfir sjálfstæðu veldi í Norður-Kína og herjaði þaðan á Tangveldið. Í júlí 756 féll höfuðborgin Ch'ang An (長安) og Dú Fú varð viðskila við fjölskyldu sína í átökunum og síðar fangi upp-reisnarhersins í höfuðborginni eftir að hafa komið eiginkonu sinni og börnum fyrir á tiltölulega öruggum stað. Ljóðið Yüeh Yeh (月夜) eða Tunglskinsnótt, er samið á þessum tíma og tjáir djúpan söknuð og þrá og milli línanna má enn fremur lesa örvæntingarfullan kvíða yfir óvissri framtíð. Stíll Dú Fú hneigist meira að faguðu myndmáli en því að tjá tilfinningar ljóðmælandans.

Undirritaður er hvorki hagarðingur né orðsnillingur, aðeins rómantískur fræðimaður, og markmið þessarar þýðingar er að reyna að tjá bókstaflega merkingu ljóðsins án þess að reyna að setja það í nokkurt ljóðform. Það er reyndar afar torvelt að gera slíkt án þess að glata öllum ljóðrænum blæ. Mun hagameltari menn en ég hafa þýtt sígild kínversk ljóð með þeim hætti að yrkja þau upp á nýtt og færa í búning vestrænna bragarháttá. Ég kys hinsvegar að þýða eins orðrétt og framast er unnt og reyni að láta þýðinguna endurspegla upprunalegan einfaldleika hins sígilda forms og jafnframt myndræna eiginleika ritmálsins.

Eftir því sem ég kemst næst hefur ljóðið ekki áður verið þýtt á íslensku. Mér varð það fyrst hugleikið við undirbúning fyrir námskeið um kínverska ljóðlist. En benda má á enskar þýðingar til samanburðar, t.d. stórgóða nýlega þýðingu eftir Burton Watson.<sup>2</sup>

2 Burt Watson, (þýðandi), *The Selected Poems of Du Fu*, New York: Columbia University Press, 2000.